

Hverfisráð Öxarfjarðar

10. fundur. Opinn íbúafundur
21. febrúar 2019 kl. 20:00
Skólahúsinu á Kópaskeri

Mætt voru:

Conny Spandau, Elvar Már Stefánsson, Guðmundur Magnússon, Inga Sigurðardóttir og Kristín Eva Benediktsdóttir sem ritaði fundargerð.

27 komu á fundinn auk hverfisráðsins, þar á meðal nokkrir sveitastjórnarfulltrúar. Jón Ármann Gíslason samþykktur sem fundarstjóri.

Dagskrá:

1. Kynning á starfi hverfisráðs Öxarfjarðar

Inga Sigurðardóttir formaður Hverfisráðs kynnti málefni ráðsins fram til þessa. Haldnir hafa verið 8 fundir frá upphafi og þar af einn íbúafundur. Helstu málefni til umfjöllunar hafa verið leikskólamál, sorpflokkun, fegrun umhverfis og athugasemdir við friðlýsingu Vatnajökulsþjóðgarðs.

2. Charlotta Englund: Kynning á „Öxarfjörður í sókn“

Charlotta kynnti þau verkefni sem hafa verið í gangi og hvað er framundan.

3. Formaður skipulags og framkvæmdaráðs Norðurþings Silja Jóhannesdóttir

Silja ræddi ýmis mál og þá sérstaklega almenna umgengni og umhirðu á svæðinu. Rætt um að bæta þyrfti þau mál. Silja lagði til að myndaður yrði starfshópur í samvinnu við hverfisráð til að taka á þessu.

4. Undibúningur vegna Sólstöðuhátíðar 2019

Óskað var eftir tillögum að fólki til að vinna að undirbúningi næstu Sólstöðuhátíðar. Charlotta Englund tók að sér að leiða það starf og fá fólk með sér í undirbúningshóp.

5. Önnur mál.

5.1. Ungmennafélög á svæðinu

Guðmundur Magnússon kynnti málið. Rætt um möguleika á að efla starf þeirra þriggja félaga sem eru við Öxarfjörð og eru ekki mjög virk. Aðallega vegna fækkunar á börnum sem hugsanlega geta tekið þá í þannig starfi. Rætt um að starfið gæti eflst við að sameina starfssemi þessara félaga. Einnig rætt um hvort bjóða eigi félaginu á Raufarhöfn með í þá umræðu. Rætt um að hægt væri að stofna nýtt félag með nýju nafni og þau eldri lögð í dvala eða þau lögð niður.

5.2. Snjómokstur í dreifbýli

Guðmundur Magnússon kynnti málið og sagði frá því hvernig þetta er núna. Rætt um að setja þyrfti upp skipulag þar sem öllum væri ljóst hvernig þetta á að vera. Hverfisráðið mun skoða málið betur í samráði við Norðurþing.


5.3. Samgöngur



Sigurður Halldórsson læknir opnaði umræðu um almennings- og póstsamgöngur á norðausturhorninu. Nefndi að pósthjónustan eins og hún er núna nægi ekki til að lyf berist með viðunnandi hætti um svæðið. Einnig þyrftu blóðprufur og annað sem þarf að fara til rannsókna að berast oft frá svæðinu. Benti á að ef hans skjólstæðingar sem þurfa að leita rannsókna eða lækninga til Húsavíkur eða Akureyrar og eigi ekki bíl, hafi þau engin ráð til að komast eftir að almennings- og póstsamgöngur lögðust niður á svæðinu. Hvatti Sigurður hverfisráð til að taka þetta fyrir og tóku fundarmenn undir þá áskorun.

5.4. Meindýravarnir

Rætt um að ekki væri lengur um skipulagða eyðingu á meindýrum lengur og það stefni í óefni. T.d. hefur meira orðið vart við mink nú en áður.

Fundi slitið 21:45


Conny Spandau


Elvar Már Stefánsson

Kristín Eva Benediktsd.